



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 173. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á Kirkjubæjarklaustri, mánudaginn 27. júní 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu.

Gestir:

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála,
Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mannauðsmála,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Faney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður á vestursvæði,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á vestursvæði.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,

1. Svæðisráð suðursvæðis - 109 - 2205003F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 91 - 2206001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

3. Svæðisráð austursvæðis - 112 - 2206002F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

4. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Þjóðgarðsvörður á vestursvæði fór yfir málin.

Gestir

Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á vestursvæði - 10:00

Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs - 10:00

5. Skýrsla mannvirkja- og gæðafulltrúa - 2104025

Mannvirkja- og gæðafulltrúi kynnti stöðu mála varðandi framkvæmdir innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs - 09:00

6. Rekstur 2022 - 2201023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um rekstur þjóðgarðsins frá janúar til og með maí.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:15

Sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs Vatnajökulsþjóðgarðs kynnti stöðu rekstrar eftir fyrstu fimm mánuði ársins en miðað við bókhald stofnunarinnar þá er rekstur í ágætu jafnvægi.

7. Auglýsing vegna skipunar framkvæmdastjóra - 2205047

Fyrir fundinum lágu upplýsinga vegna skipunar framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs - til samþykktar.

Gestir

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála - 13:30

Auglýsing fyrir embætti framkvæmdastjóra var samþykkt. Gert er ráð fyrir að starfið verði auglýst í byrjun ágúst.

Sérþóttun formanns svæðisráðs norðursvæðis:

Vatnajökulsþjóðgarður hefur 6 starfsstöðvar. Þær eru: Snæfellsstofa, Gljúfrastofa, Gígur, Kirkjubæjarklaustur, Skaftafell og á Höfn í Hornafirði. Allar þessar starfsstöðvar eru öflugur þáttur af starfsumhverfi þjóðgarðsins.

Ég fagna því mjög að svo mikilvæg staða sem staða framkvæmdastjóra er, sé færð í byggðarlag sem liggur að þjóðgarðinum. Á sama tíma þykir mér sú túlkun ráðuneytis/ráðherra að starfsstöð framkvæmdastjóra skuli bundin einni af þessum sex starfsstöðvum öðrum fremur vera gamaldags og alls ekki í takt við þá góðu reynslu sem skapast hefur af dreifðum störfum. Ég lýsi yfir áhyggjum af því að með þessari túlkun ráðuneytis um að svo mikilvægt starf sé bundið einni starfsstöð geti myndast tilhneiging til að ein starfsstöð sé öðrum fremri og hætta sé á að góðir fulltrúar sæki ekki um störf vegna kröfu um staðsetningu.

Þykir mér skrítið, í kjölfar skoðunarferðar í morgun um grunn glæsilegrar gestastofu í byggingu hér á Klaustri, en á sama tíma ganga fram hjá starfsstöðinni við svo mikilvæga ráðningu.

Mín áskorun til stjórnar er að hún beiti sér fyrir því að skilyrði um að staða framkvæmdastjóra, sem og önnur störf, verði ekki bundin við eina starfsstöð öðrum fremur heldur standi vörð um það dreifstýrða fyrirkomulag sem er einmitt einn helsti styrkleiki þjóðgarðsins.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun - breyting - veiðar austursvæði - Úrvinnsla athugasemda og umsagna. Samþykktarferli - 2202033

Auk þess að skýra frá framvindu málsins undanfarið, fór verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar yfir helstu þætti greinargerðar sem unnin var í kjölfar umsagnarferlis. Framlögð gögn voru innsendar umsagnir (frumgögn), tillögur að afgreiðslum umsagna, greinargerð í kjölfar umsagnarferlis og drög að bréfum til Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Við vinnslu málsins hefur verið lögð áhersla á samtal við fagaðila og hagsmunasamtök.

Tillaga að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun lögð fram til samþykktar, ásamt tillögu að afgreiðslu umsagna.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 13:50

Stjórn samþykkir tillögu að afgreiðslu umsagna og framlagða tillögu að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stjórn leggur áherslu á að þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í vöktunaráætlun og öðrum framlögðum gögnum nái fram að ganga og að virk eftirfylgni verði af hálfu þjóðgarðsins með því að breytingin hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta. ADS og SPH sátu hjá við afgreiðslu málsins.

9. VLR-055 - Drög að verklagsreglu um tjöldun - 2206055

Kynntar hugmyndir að setningu verklagsreglna um tjöldun á afmörkuðum svæðum innan þjóðgarðs í tilraunaskyni sumarið 2022 að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Samtalið verði tekið upp haustið 2022 og reglurnar aðlagðar með það að markmiði að þær geti formlega tekið gildi sumarið 2023 - til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:30

Stjórn tekur vel í hugmyndina og leggur áherslu á vandað og virkt samráð við hagsmunaaðila og aðra hlutaðeigandi.

10. VLR-056 - Drög að verklagsreglu um leyfisveitingar vegna fjarstýrðra ómannaðra loftfara - 2206043

Fyrir fundinum lágu drög að verklagsreglu - til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:40

Stjórn er jákvæð gagnvart þeim hugmyndum um einföldun stjórnarsýslu sem fram koma í framlögðum drögum.

11. Bréf til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis vegna húsnæðismála á Höfn í Hornafirði. - 2206019

Til kynningar.

Stjórn vísar til fyrri bókunar sinnar á 172. fundi þann 23. maí sl. um að í ljósi fyrirhugaðrar færslu á aðsetri þjóðgarðsins og starfsstöð framkvæmdastjóra til Hafnar í Hornafirði leggi stjórn áherslu á að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið stuðli að því að tryggja þjóðgarðinum hentugt húsnæði og fjármagn vegna flutningsins og aukinnar starfsemi þjóðgarðsins á Höfn. Formlegt erindi hefur nú verið sent ráðuneytinu og lýsir stjórn sig reiðubúna til áframhaldandi samstarfs við ráðuneytið í málinu þannig að finna megi viðunandi lausn til framtíðar.

12. Starfsmannahúsnæði í Skaftafelli - 2021 - 2110043

Til kynningar.

Stjórn fagnar erindinu og bendir á að afar brýnt er að leysa húsnæðismál starfsmanna í Skaftafelli til framtíðar.

13. Erindi starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um þjóðgarða og friðlýst svæði - 2206044

Til kynningar.

Stjórn bendir á að miklar upplýsingar liggja fyrir hjá þjóðgarðinum sem mikilvægt er að starfshópurinn fái aðgang að. Starfsmenn þjóðgarðsins hafa fengið það verkefni að taka saman gögn og senda starfshópnum.

14. Skýrsla staðgengils framkvæmdastjóra - 2206035

Staðgengill framkvæmdastjóra fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

15. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Tillaga send ráðherra til afgreiðslu - 2204030

Til kynningar.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.